

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 287/2012**

2014/EES/67/45

frá 30. mars 2012

**um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir
samþykki fyrir virka efninu triflúsúlfúróni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum c. lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB ⁽²⁾ var triflúsúlfúrón færð á skrá sem virkt efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽³⁾, til notkunar sem illgresiseyðir á sykurrófur og fódursykurrófur með hámarksskammtastærð sem nemur 60 g/hektara og einungis þriðja hvert ár á sama akur. Þessi færsla á skrá var takmörkuð enn frekar með banni við því að fódra búfé á laufum af meðhöndluðum plöntum. Að því er varðar hreinleika virka efnisins var sett hámarksgildi sem nemur 6 g/kg fyrir óhreinindin N,N-dímetyl-6-(2,2,2-trifluoretoxy)-1,3,5-tríasín-2,4-díamín.
- 2) Þar eð reglugerð (EB) nr. 1107/2009 kom í stað tilskipunar 91/414/EBE telst þetta efni samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð og er á skrá í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni⁽⁴⁾.
- 3) Hinn 25. júní 2010 lagði tilkynnandinn, sem fór fram á að triflúsúlfúrón væri færð á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, fram umsókn um breytingu á skilyrðunum fyrir samþykkinu fyrir triflúsúlfúróni. Þar var farið fram á afléttingu takmarkana á notkun þess sem illgresiseyðis og takmarkana á innihaldi óhreinindanna sem um getur í fyrstu forsendu. Þeirri umsókn fylgdu viðbótarupplýsingar. Umsóknin var lögð fyrir Frakkland sem samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1490/2002 hafði verið tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki ⁽⁵⁾.
- 4) Skýrslugjafaraðildarríkið mat viðbótarupplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og samdi viðbót við drögin

að matsskýrslunni. Skýrslugjafaraðildarríkið lagði þessa viðbót fyrir framkvæmdastjórnina, 17. desember 2010, sem sendi hana til annarra aðildarríkja og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu til að fá athugasemdir þeirra. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu viðbótina við drögin að matsskýrslunni innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, sem viðbót við endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um triflúsúlfúrón, 9. mars 2012.

- 5) Margt konar rannsóknir hafa leitt í ljós að breytingin á skilyrðunum fyrir samþykkinu, sem sótt var um, veldur ekki frekari áhættu til viðbótar þeirri áhættu sem þegar hefur verið tekið tillit til í samþykkinu fyrir triflúsúlfúróni og í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um efnið.
- 6) Því ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum 289. línu, triflúsúlfúrón, í A-hluta viðaukans er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað textans í dálkinum „hreinleiki“ komi eftirfarandi:
„≥ 960 g/kg“
- 2) Í stað A-hluta í dálkinum „sértæk ákvæði“ komi eftirfarandi:
„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem illgresiseyðir.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 95, 31.3.2012, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 172, 2.7.2009, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 224, 21.8.2002, bls. 23.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
